



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Hólaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1. Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	5
3. Innra mat deilda	11
3.1 Innra mat Lóudeildar	11
3.2 Innra mat Spóadeildar.....	14
3.3 Innra mat Krummadeildar.....	18
4 Innra mat sérkennslu.....	21
5 Innra mat – fjöltyngd börn	24
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	26
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
8 Foreldrasamvinna	27
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
10 Fylgigögn	29
10.1 Fylgiskjal 2 - Matsáætlun	31
10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs.....	32

Leiðarljós leikskólans

Kennum gott með góðu



1. Greinargerð leikskólastjóra

Starfið í Hólaborg undanfarinn vetur hefur gengið vel og góður andi verið í húsinu þrátt fyrir aukið álag og krefjandi áskoranir. Starfsmenn, börn og foreldrar hafa sýnt samstarfsvilja og skilning og sveigjanleiki verið einkennandi. Það er kominn tími til að horfa fram á við og nýta okkur þá reynslu sem undanfarin ár hafa fært okkur. Ég hef trú á því að á næsta skólaári munum við endurvekja ýmsa þætti starfsins sem hafa legið niðri en einnig gera breytingar í kjölfar þeirrar kunnáttu sem covid færði okkur.

Gildi okkar og markmið höfðu forgang og það gekk vel að fylgja eftir umbótaáætlunum. Þróun á skráningum og flæði hélt áfram og það sýndi sig að börnin höfðu saknað stöðvaflæðisins og fögnuðu endurkomu þess þegar takmörkunum var aflétt. Við höldum áfram að leggja ríka áherslu á málrækt og fórum þær leiðir sem henta best þeim börnum sem hér eru. Ferilmöppur eru skemmtilegt og áhrifaríkt skráningarform og það hefur verið gaman að sjá þær þróast um leið og metnaður barnanna og starfsmanna fyrir þeim eykst. Í ár voru búin til sérstök teymi til að halda utan um fjölmenningu, málrækt og útinám. Þetta var gert til að þróa enn betur þessa mikilvægu þætti leikskólastarfsins. Undirbúningur og skipulag á styttingu vinnuvikunnar tók sinn tíma og framkvæmdin var og er flókið verkefni og kallar á endurskipulagningu ýmissa þátta í starfinu.

Á liðnum vetri fengum við fræðslu um endurmat og gerð umbótaáætlana, tókum þátt í menntastefnumóti og fengum fyrirlestra um einhverfu og um áhrifamátt okkar svo eitthvað sé nefnt. Allir þættir matsáætlunar síðasta árs voru metnir og umbótaáætlanir uppfærðar. Það er mín trú að matsáætlun þurfi að vera sveigjanlegt og breytilegt plagg sérstaklega næstu ár þegar svo margir þættir starfsins þarfnast endurmats eftir áskoranir undanfarinna anna. Bæði starfshættir og venjur sem hafa fests í sessi þarf að endurmeta

sem og nýja þætti sem upp koma í oft óútreiknanlegu starfi leikskólans. Það er ánægjulegt að segja frá því að í vor fengu tveir deildarstjórar leyfisbréf kennara og næsta vetur verða fjórir starfsmenn í námi í leikskólakennarafræðum samhliða starfi sínu hér í Hólaborg.

Innleiðing á menntastefna Reykjavíkurborgar verður okkur ofarlega í huga næsta vetur. Við ætlum að halda áfram farsælu samstarfi við Engjaborg, Funaborg og Sunnufold (Blómin) en við fengum einnig til liðs við okkur Önnu Magneu Hreinsdóttur frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Næsta vetur förum við af stað með þróunarverkefnið *Flæði og samþætting* sem við fengum styrk fyrir. Markmið verkefnisins er í fyrsta lagi að styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni í leikskólanum í daglegu starfi og leik og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Í öðru lagi að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakanda. Það verður helst gert með því að kennarar og annað starfsfólk tileinki sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra. Í þriðja lagi að vinna að kerfisbundnu innra mati leikskólanna með virkri þátttöku barna, foreldra og starfsfólks leikskólanna í lýðræðislegri samræðu um starfsemi leikskólans og þróun hennar.

Við sóttum einnig um styrk fyrir A hluta menntastefnu, verkefnis sem við erum nú þegar byrjuð á og viljum þróa áfram en um er að ræða útifjör sem er námsleið sem hefur þann tilgang að auka fjölbreytni í kennslu. Markmiðið er að börnin kynnist nánasta umhverfi og læri að bera virðingu fyrir því. Að þau fái tækifæri til að takast á við líkamlegar og andlegar áskoranir og að nota skynfæri sín við ólíkar aðstæður. Þá er einnig áætlað að gera aðra tilraun til að fara í námsferð á næsta ári og að taka aftur upp þráðinn í Erasmus verkefninu með Blómunum. Hvoru tveggja verkefni sem frestuðust á síðasta ári.

Næsta starfsár munum við halda áfram að starfa í þágu barnanna okkar og fjölskyldna þeirra og starfa eftir lögum um leikskóla, Aðalnámskrá, grunnþáttum menntunar og Námskrá Hólaborgar. Ég tel gildin okkar hamingja, heilbrigði og sjálfræði vera öllum börnum mikilvæg og það er skylda okkar að staldra við og spyrja okkur "*hvað er barninu fyrir bestu?*"

Sigrún Grétarsdóttir

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Dagskipulag hússins	Með ígrundun á deildarfundum.	Allt starfsfólk deilda, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Sumir þættir skipulagsins dattu út en hafa komið inn aftur, þættir á borð við gönguferðir, stöðva-flæði og dóta- og litadagar. Aðrir þættir eru ekki komnir inn aftur þar á meðal tannburstun, vettvangsferðir og heimsóknir aðstandenda í leikskólann.
Sjálfsfelling - Málrækt	Tvær spurningar voru lagðar fyrir starfsmenn: 1) Hvað ertu að gera með börnunum til að efla málþroska þeirra? 2) Hvað langar þig að gera meira til að efla málþroska barnanna? Svörin tekin saman og búnir til listar um það sem verið er að gera á deildum og það sem mætti gera meira af.	Allt starfsfólk.	Svör starfsfólks voru fjölbreytt. Sumir þættir komu oftast við sögu en aðrir. Það fer í umbótaáætlun að vinna betur úr þessum hugmyndum.
Útinám/Útifjör	Könnun með spurningum um virkni og athafnir starfsfólks í útiveru, tíðni gönguferða og áhuga og trú á verkefninu útifjör.	Allt starfsfólk.	Í stórum dráttum þá telur 50% starfsmanna virkni í útiveru vera miðlungs mikla, 50 - 80% eru mikið á ferðinni í útiveru á meðan einungis um 30% leika við börnin. Fleiri en færri telja að það eigi að auka athafnir í útiveru og flestir hafa trú á útifjöri sem góða og hvetjandi leið til þess. 50% telur að virknin sé

miðlungs mikil. Einnig kom fram að börnin fara í gönguferðir sjaldnar en einu sinni í mánuði. Rúmlega 50% vilja hafa útifjör tvisvar í viku og rúmlega 40% einu sinni í viku.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats
Starfsmannakönnun	Spurningalistar frá Reykjavíkurborg í rafrænu formi.	Starfsmenn leikskólans.	Flestir þættir skora hátt. Starfsánægja skorar hæst ásamt metnaði, tilgangi og ánægju með markmið og stefnu leikskólans. Veikleika gætir á þáttum eins og vinnuaðstöðu, vinnuálagi og vinnuhraða. Ekkert einelti kom fram en það kemur fram að starfsfólk upplifi fordóma.
Viðhorfskönnun foreldra	Spurningalistar frá Reykjavíkurborg í rafrænu formi.	Foreldrar barnanna í leikskólanum.	Svarhlutfall var 80.9% Almenn ánægja er með leikskólann og margir þættir skora hátt. Foreldrar telja að barninu líði vel og að starfsfólk sé vingjarnlegt og styðjandi. Það er ánægt með stefnu og stjórnun leikskólans og mælir með honum. Veikleikar liggja í þátttöku foreldra, hvort þeir hafi tekið þátt í starfinu, fengið tækifæri til að meta starfið og fengið nægar upplýsingar.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið?	Viðmið um árangur
Dag- skipulag	Setja tann- burstun, vettvangs ferðir og heim- sóknir aðstan- denda aftur inn í starfið og auka göngu- ferðir í nær- liggjandi umhverfi. Búinn verði til út- skýringa- texti á íslensku og ensku á því hvað felst í hverjum lið dagskipu- lagsins.	Á deildar- stjóra- fundum og deildar- fundum.	Deildar- stjórar.	Sept. 2021	Jan. 2022	Rýnihópur	Tann- burstun verði hluti af daglegu starfi. Aðstand endum boðið í stelpu- og stráka- kaffi og jólaboð. Til verði skrif- legar upp- lýsingar um dagskipu- lagið á íslensku og ensku.
Málrækt	Að starfs- menn sýni frum- kvæði og noti fjöl- breyttar aðferðir í málrækt með börnum.	Búinn til hug- mynda- banki og plaggat þar sem fram koma hug-	Allt starfs- fólk	Okt. 2021	Vor 2022	Könnun þar sem hver og einn metur hvort hann hafi náð mark- miðum sínum.	Að til verði hug- mynda- banki sem starfs- menn geta gripið í.

		myndir af námsefni og leiðum sem starfsmenn geta nýtt við málrækt í starfinu. Allir starfsmenn setji sér markmið í málrækt.					
Útinám / Útifjör	Útifjör verði fastur liður í útinámi í Hólaborg. Að starfsmenn sýni frumkvæði og séu virkir á útisvæði. Að boðið verði upp á fjölbreyttar áskoranir og verkefni bæði inni á lóð leikskólans og í nánasta umhverfi hans.	Boðið upp á mismunandi stöðvar í útifjöri 2x í viku yfir sumarið og 1x yfir veturinn Gerð áætlun um ferðir út fyrir leikskólalóðina.	Útifjörsteymi	Júní 2021	Maí 2022	Spurningakannanir. Vikulegar skráningar á útifjöri. Rýnihópar.	Starfsmenn sýni aukna virkni á útisvæði og að fjölbreytni hafi aukist í útinámi barnanna.

Foreldra-samvinna	Að stjórn-enda-teymi verði meðvitað um verklag leik-skólans á upp-lýsinga-streymi og taki ábyrgð á því. Að allt starfsfólk kynni sér samskipta stefnu leik-skólans við foreldra og starfi eftir henni.	Búið til nýtt verklag fyrir upp-lýsinga-streymi til foreldra. Sam-skipta-stefna við foreldra endur-metin og kynnt fyrir öllu starfsfólki og foreldrum.	Leik-skóla-stjóri og aðstoðar-leik-skóla-stjóri.	Sept. 2021	Maí 2022	Rýnihópur	Verk-ferill um upp-lýsinga-streymi. Sam-skipta-stefna upp-færð og kynnt starfs-fólki.
Starfs-manna-könnun	33.3% starfs-manna hafa orðið varir við fordóma á vinnu-staðnum.	Fræðsla um fordóma sett í fræðslu-áætlun.	Leik-skóla-stjóri.	Haust 2021	Vor 2024	Sett í mats-áætlun til þriggja ára.	Starfs-menn hafi fengið fræðslu um fordóma.

3. Innra mat deilda



3.1 Innra mat Lóudeildar

Aðlögun nýrra barna á haustönn dróst á langinn vegna Covid. Aðlögun barna hefur síðustu ár verið þátttökuaðlögun en vegna Covid varð sú breyting á að börnin komu stutt á hverjum degi í eina viku og gekk það mjög vel. Þar sem foreldrar hafa ekki mátt koma inn í húsið í vetur höfum við eftir okkur í að nota Völu-appið til að setja inn myndir og upplýsa foreldra um starfið og almennt voru foreldrar ánægðir með þetta. Í upphafi skólaársins einbeittum við okkur að því að kynna börnunum og foreldrum þeirra og lögðum mikla áherslu á að börnin yrðu örugg í leikskólanum og gætu verið þau sjálf. Við höldum áfram að taka ekki þátt í flæði milli deilda og samsöng til að byrja með á meðan börnin voru að aðlagast leikskólanum og verða öruggari. Þegar kom að því að taka þátt í flæði þá voru börnin orðin örugg og tilbúin að skoða leikskólann. Aldursbil barnanna var svipað og árið á undan og áherslurnar þær sömu. Við höfum lagt mikla áherslu á frjálsan leik þar sem börnin eru að læra samhliða leik og samleik með öðrum börnum, samskipti og fleira sem lærist í frjálsu leik. Þetta var eitt af okkar markmiðum fyrir skólaárið sem að við náðum. Við höldum áfram með hópastarf tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, og hreyfistundir á miðvikudögum. Börnunum var skipt í þrjá hópa eftir aldri. Í hópastarfinu unnum við með þemað „líkaminn“ einu sinni í viku og svo bættum við Lubbastarfi við einu sinni í viku. Börnin gerðu ýmis verkefni tengd líkamanum, teiknuðu útlínur líkama síns á pappír, lærðu um líkamsparta og æfðu samskipti og samleik. Við notuðumst við málhljóð vikunnar, sem voru alltaf tvö málhljóð sem kynnt voru í tvær vikur í senn. Börnin lærðu málhljóðið fyrir fyrsta stafinn í nafninu þeirra og við settum upp myndir á hólfin þeirra af hreyfingunni við þeirra hljóð svo allt var sýnilegt. Í hópastarfi notuðum við myndir og æfðum fyrsta stafinn í

orðinu, einnig vorum við með box fyrir hvert málhljóð með allskonar hlutum sem börnin fengu að skoða. Við nýttum einnig ýmis tækifæri sem gáfust til að æfa málhljóðin t.d. í ávaxtastund þar sem við sögðum málhljóð ávaxtanna sem voru í boði.

Í hreyfistundum var boðið upp á þrautabrautir og dans en við stefnum á að bæta gönguferðum við og að öll börn fái að taka þátt óháð aldri.

Skráningar í ferilmöppu hafa gengið vel og allir starfsmenn duglegir að gera skráningar í hverjum mánuði svo að hvert barn á að minnsta kosti eina skráningu frá hverjum mánuði.

Lestrarstundir voru áætlaðar einu sinni á dag og það byrjaði vel en datt svo niður vegna aðstæðna í húsi og Covid takmarkana. Við ætlum að halda þeim þætti áfram inni í umbótaáætluninni og höfum ákveðið að hafa ekki einn ákveðinn tíma til að lesa með börnunum heldur grípa tækifærið og taka nokkur börn saman í hóp yfir daginn til dæmis þegar nokkur börn eru vöknuð eftir hvíld. Á deildinni er lögð mikil áhersla á málörvun í leik og daglegu starfi, bæði með lestri bóka, söngvum og spjalli um daginn og veginn og bækur eru alltaf aðgengilegar börnunum. Mikill tími er gefinn til að efla sjálfræði, hvort sem það er við matarborðið, í fataherbergi eða annarsstaðar og mikil áhersla er á að börnin geri sjálf. Börnin fá að leika sér frjálst og ráða því með hvað þau leika og leikefni sem hentar þeirra aldri er í aðgengilegri hæð þannig að þau geti náð í það sjálf.

Endurmat barnanna á Lóudeild á starfi þeirra felst í því að starfsfólk fylgist með virkni barnanna og tilfinningum þeirra gagnvart því sem metið er. Ef börnin eru virk í starfinu og glöð og ánægð teljum við að þeim líki það sem fram fer.

Í foreldrasamtölum bæði að hausti og vori kom fram almenn ánægja foreldra með starfið á deildinni og að börnin væru ánægð í leikskólanum.

Unnur Dögg Ómarsdóttir

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Tími til að klára leik	Að börnin fái að klára leik áður en þau þurfa að gera eitthvað annað, t.d. skipta um bleiu, ganga frá, fara í	Gefa þeim tíma til að klára leik. Láta þau vita að það sé stutt í að þau þurfi að ganga frá, bíða aðeins ef	Deildarstjóri/allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2021	Maí 2022	Rýni-hópar.	

	samverus tund.	við sjáum að þau eru mjög niður- sokkin í leik.					
Lestur	Að það sé lesið fyrir öll börn a.m.k. einu sinni á dag.	Nýta lausar stundir yfir daginn t.d. þegar börnin eru að vakna eftir hvíld. Finna leiðir til að lesa fyrir öll börnin. Halda skráningu yfir lestrar- stund- irnar.	Deildar- stjóri/allt starfsfólk deildar- innar.	Sept. 2021	Jan. 2022	Rýni- hópar. Skráninga blöð.	Lesið daglega fyrir öll börn deildar- innar. Til séu skrá- ningar- blöð til að halda utan um lestur fyrir börnin.
Hlutverk	Að öll börn fái hlutverk; t.d að sækja mat í eldhús og fara með pappír og plast í endur- vinnslu- gáminn.	Gera skipulag svo öll börn fái að taka þátt, útbúa skráninga blað og merkja við.	Deildar stjóri/allt starfsfólk deildar- innar.	Sept. 2021	Maí 2022	Rýni hópar. Skráninga blöð.	Börnin séu virk í að taka þátt í dag- legum verkefn- um deildar- innar.



3.2 Innra mat Spóadeildar

Ég tók aftur við deildinni síðasta haust og gengu skiptin vel fyrir sig. Aðlögun barna á milli deilda sem og nýrra barna gekk einnig vel. Börnin voru fljót að aðlagast og því hófum við vetrarstarfið okkar fljótt. Ég lagði áherslu á hópastarfið þetta skólaárið og tókst það vel og hópastarfið varð fastur liður í hverri viku. Börn og starfsfólk var ánægt með fyrirkomulagið á hópastarfi. Hópastarfið var einn af liðum okkar í umbótaáætlun deildarinnar á síðasta skólaári, því má segja að það hafi tekist vel og mun hópastarfið áfram vera hluti af starfinu okkar á næsta skólaári.

Til stóð að vinna með verkefni „Bókin að heiman“ og „Bókin heim“ þetta skólaárið ásamt því að leggja áherslu á hlutverk sem börnin hafa fengið að sinna á deildinni. Þessi verkefni dattu algjörlega út og var ekki sinnt vegna kórónuveirufaraldursins. Við máttum það sem svo að það væri ekki vænlegt að fara með bækur á milli heimila og skóla. Við stefnum á að endurvekja þetta verkefni á næsta skólaári þar sem það ýtir undir lestur barna bæði heima og í leikskólanum. Hlutverkin höfðu dottið út skólaárið á undan vegna faraldursins. Á komandi skólaári leggjum við upp með að hefja hlutverkin að nýju og breyttum við aðeins hlutverkunum sem við stefnum á að vinna með en þau verða snyrtipinni, bókaormur, veðurfræðingur og endurvinnari. Við teljum það mikilvægt fyrir börn að fá hlutverk, að þau fái tækifæri til að æfa samvinnu og bera ábyrgð.

Í umbótaáætlun síðasta skólaárs átti að vinna með innileikskráningar en það gekk ekki nógu vel og er það því aftur í umbótaáætlun. Skipulag í kringum skráningar hefur verið bætt og standa vonir til með að það muni ganga betur næsta vetur. Deildarstjóri ásamt einum starfsmanni sáu alfarið um skráningar og að fylgjast með hvort öll börn fengu skráningar og fleira í ferilmöppuna sína. Börnin sýna ferilmöppunum mikinn áhuga og höfðu þau gaman af því að skoða þær.

Frjálsi leikurinn var áfram í hávegum hafður í starfi deildarinnar. Við svæðaskiptum deildinni og börnin velja sér leik eftir því hvar þau vilja vera, með hverjum þau vilja vera og með hvaða efnivið þau vilja leika sér. Ég tel frjálsa leikinn mjög mikilvægan fyrir börn, hef ávallt lagt mikla áherslu á hann og finnst mér nauðsynlegt að gefinn sé góður tími og rými

fyrir hann í daglegu starfi deildarinnar. Barnahópurinn naut sín mikið í frjálsum leik í vetur og gekk það mjög vel.

Hildur Grétarsdóttir

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Innileik- skrá- ningar	Að bæta og fjölga inni- leik- skrá- ningum.	Grípa tækifærið þegar það gefst. Gera skipulag fyrir annan hvern mánuð. Starfsfólk verði ábyrgt fyrir ákveðnum skráningum og fær stuðning frá deildarstjóra við skráningar og skráninga forritið.	Deildar- stjóri ber ábyrgð og allt starfs- fólk deildar- innar fram- kvæmir.	Sept. 2021	Júní 2022	Metið út frá fjölda skráninga í feril-möppu barnanna ásamt rýnihóp. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi a.m.k. 4 leik-skráningar í möppunni sinni eftir veturinn.

Hlutverk	Virkja og sinna fjórum hlutverkum barnanna á deildinni, snyrtipinni, bókaormur, veðurfræðingur og endurvinnari.	Skilgreina hvert hlutverk fyrir sig og hvað við viljum ná fram með hverju hlutverki. Skráninga blað til að merkja við að hlutverkinu hafi verið sinnt.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept 2021	Júlí 2022	Rýnihópur. Rætt á deildarfundum, skráninga blað skoðað og rætt.	Að öll börn sinni öllum hlutverkum reglulega yfir veturinn, skráninga blað skoðað.
Bókin að heiman/ Bókin heim	Að verk-efnunum sé sinnt tvisvar sinnum yfir árið, okt/nóv og mars/apríl.	Notumst við skráninga blað. Virkja starfsfólk til að framfylgja verk-efninu.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Okt. 2021	Apríl 2022	Skráninga blað skoðað og rætt af rýnihóp á deildarfundum.	Að öll börn komi með bók í leikskólann og að öll börn fari með bók heim úr leikskólanum.
Gönguferðir	Að fjölga gönguferðum og stefna að því að þær festist í sessi í starfi deildarinnar.	Þjóða hverju barni að fara í gönguferð a.m.k. einu sinni í mánuði og notast við skráninga blað um hverjir fara hverju sinni.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2021	Halda áfram á næsta skólaári.	Skráninga og rýnihópar. Rætt á deildarfundum.	Að hvert barn hafi farið einu sinni í mánuði í gönguferð yfir skólaárið.

Lubbi finnur málbein	Að Lubbi festist í starfi deildarinnar. Lubbi sé sýnilegur á deildinni. Þegar börnin sýna Lubba áhuga þá er tækifærið gripið. Lubba-lögin sungin. Lubba kassar teknir inn á deild og unnið með þá.	Hvert barn fer einu sinni í viku í Lubba-Stund.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept. 2021	Halda áfram á næsta skólaári.	Rýnihópar, rætt á deildarfundum.	Að börnin þekki Lubba og að efnið nýtist þeim. Að starfsfólk þekki Lubba-efnið vel og geti unnið með það.
----------------------------	--	--	--------------------------------------	-------------------	--------------------------------------	---	---



3.3 Innra mat Krummadeildar

Síðastliðið ár einkenndist af góðu flæði í frjálsum leik og skapandi verkefnum. Það var unnið að því að efla lýðræðisvitund og samvinnu með umræðum bæði í samverustundum, í smærri hópum og í samtölum í daglegum samskiptum. Börnunum urðu smám saman ljós réttindi sín og skyldur. Þau voru ábyrg og hjálpfús bæði í leik og í erli dagsins. Börnunum leið vel og voru tilbúin í samstarf. Þau umgengust hvort annað af virðingu og voru jákvæð. Einnig tóku þau miklum framförum.

Árný Birna Hilmarsdóttir

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk barna – Ábyrgð sem leið í sjálfræði	Að börnin eigi uppbyggilegar samræður í hópnum. Að efla ábyrgð og tilitssemi hjá hverjum og einum. Að efla samkennd og styrkja sjálfsmynd hvers og eins.	Samræður í daglegu starfi þar sem þess er gætt að hlustað sé á barnið og það spurt opinna spurninga. Börnin velja umræðuefni í samverustundum og eru hvött til að ræða það sem er efst á baugi hverju sinni. Börnin eru hvött til að ganga frá eftir sig klæðnaði,	Allt starfsfólk.	Maí 2021	Maí 2022	Fylgst með líðan og viðhorfum barnanna yfir árið með skráningum. Endurmetið með könnun í maí 2022.	Öll börnin hafi rödd og áhuga á að hlusta á hina.

		leikefni og efnivið. Samræður um gildi samvinnu hjálpssemi og umburðar lyndis. Starfsfólk sé ævinlega til halds og trausts og sýni gott fordæmi.					
Endurmat barna	Að börnin öðlist lýðræðisvitund. Að börnin upplifi að þau hafi áhrif á starfsemi leikskólans. Að koma inn reglulegu endurmati barnanna þar sem fram kemur mat þeirra á ákveðnum þáttum leikskóla-starfsins.	Grípa tækifærin sem gefast til að skapa samræður um samskipti, árekstra, réttlæti og óréttlæti. Börnin velja sjálf bækur úr góðum bókakosti deildarinnar. Taki þátt í gerð matseðla. Með samræðum um starfsemi líkamans og hollustu, um fæðu	Allir starfsmenn.	Haust 2021	Vor 2022	Samskipta-skráningar reglulega yfir árið. Rýnihópar með börnunum. Könnun vor 2022.	Börnin geti óhikað svarað spurningum um líðan sína og væntingar í leikskólanum.

		og mismunandi lífshætti og matarvenjur fólks víða um heim.					
Skráningar	Að allir starfsmenn deildarinnar taki ábyrgð á ákveðnum skráningum.	Starfsmenn verða ábyrgir fyrir skráningum fyrir þau börn sem sitja hjá þeim á matmáls tímum.	Hópstjórar og/eða sá starfsmaður sem hefur yfirmsjón með ákveðnu verkefni sér til þess að skráning fari fram.	Haust 2021	Vor 2022	Með skráningum.	Fyrirfram ákveðnar skráningar festist í sessi og starfsfólk hafi náð betri tökum á þeim.
Innlögn á Lubba	Lubbaefnið verði notað í málrækt í hópastarfi og aðferðafræði Lubba fléttist inn í allt starf á deildinni. Nýta tækifæri til að vekja áhuga barnanna á lestri og að draga til stafs. Börnin læra að tengja saman	Útbúa áætlun fyrir hópastarf. Gera spil og leiki sem tengjast Lubba og e.t.v. öðru lesefni. Skoða og lesa í Lubbabók Vekja áhuga á táknum hverskonar og tengja hljóðtákn við hreyfingu og í framhaldi af því við	Deildarstjóri og hópstjórar.	Sept. 2021	Maí 2022	Samræður á deildarfundum. Rýnihópur.	Lubbi verði þáttur í daglegu starfi deildarinnar. Börnin sýni aukinn áhuga á lestri. Öll börn hafi hljóðamynd á hólfinu sínu.

	tákn, hljóð og hreyf- ingu.	persónur, staði og hluti. Setja upp „hljóða- merki“ á hólf.					



4 Innra mat sérkennslu

Veturinn 2020-2021 nutu 3 börn í Hólaborg sérstuðnings og mörg börn höfðu þörf á viðbótar málörvun. Sérkennslustjóri sá um að leggja fyrir skimanir t.d. Efi-2, Íslenska málhljóðamælinn og Hljóm-2. Málörvun fór fram í öllu starfi leikskólans og m.a. var unnið með Gefðu 10. Sú vinna var þó ekki nógu markviss og verður sett inn í umbótaáætlun næsta árs. Sérkennslustjóri sá um að fylla út tilvísanir og beiðnir til þjónustumiðstöðvar í samráði við deildarstjóra og foreldra. Einnig kom sérkennslustjóri að gerð einstaklingsnámskrár fyrir börn þar sem grunur var um frávík í þroska. Við notuðum AEPS lista fyrir nokkur börn og unnum eftir ráðleggingum frá hegðunarráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingum og sérkennsluráðgjöfum. Sérkennslustjóri sat teymisfundi og sá um skilafundi fyrir elstu börnin í grunnskóla. Sérkennslustjóri veitti ráðgjöf til starfsmanna á deildarfundum og í daglegu starfi eftir þörfum.

Í vetur var unnið að því að gera aðgengi að efnivið og kennslugögnum betra. Útbúið var notalegt rými þar sem hægt er að koma með hópa eða einstaklinga í ró og næði.

Efniviður var yfirfarinn og flokkaður og gerður aðgengilegri en áður. Sá þáttur er tekinn út úr umbótaáætlun næsta árs og einnig að kynna deildarstjórum listann um *Ósk um athugun á barni*. Áfram verður unnið með málörvunar- og leikhópa.

Friðbjörg Gísladóttir

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021	Stuðningur fór fram inni á deildum eins mikið og hægt var. Ákveðin börn fengu einnig einstaklingsþjálfun og/eða þjálfun í fámennum barnahópi. Við notum einstaklingsáætlanir og skráningar í þjálfunarstundum. Talsverður fjöldi barna þurfti viðbótar málörvun og sýndu niðurstöður skráninga að efla þarf vinnu með þeim og verður sá þáttur í umbótaáætlun næsta árs.
Hvaða matsgögn voru notuð?	AEPS, Hljóm-2, Efi-2, Íslenski máhljóðamælirinn, Orðaskil.
Hvaða námsefni var notað?	Við notum ýmis námsgögn t.d. Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, Orðaleikur og Ljáðu mér eyra. Einnig voru notaðar félagshæfnisögur og verkefni sem búin voru til í leikskólanum. Við notum líka Orðaforðabækur sem fara milli leikskóla og heimilis.



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun ar- og leikhópar	Að þau börn sem á þurfa að halda fá auka mál- örvun/ leik- þjálfun.	Sér- kennslu- stjóri fundar með deildar- stjórum. Farið yfir hverjir þurfa auka mál- örvun/ leik- þjálfun. Skipt í hópa og ákveðnar tíma- setnin- gar. Sett niður hvort sér- kennslu- stjóri sér um hópana eða deildar- starfs- menn.	Sér- kennslu- stjóri og deildar- stjórar.	Sept. 2021	Feb. 2022	Farið yfir niður- stöður Efi-2 og Hljóm-2 að hausti og vori. Aðrar skimanir notaðar eftir þörfum. AEPS listi fylltur út fyrir þau börn sem það hentar. Skráning- gar eftir hvern málörvun ar/ leik- þjálfunar tíma.	Börnin sýni framfarir á þeim þáttum sem verið er að örva sam- kvæmt þeim skimun- um sem gerðar eru í leik- skóla- num.
Gefðu 10	Að koma mark- vissri vinnu af	Deildar- stjóri ákveður í samráði	Sér- kennslu- stjóri og deildar-	Okt. 2021	Des. 2021	Skráninga blöð og umræður	Að Gefðu 10 verði daglegur hluti af

	stað með Gefðu 10 fyrir börn sem á þurfa að halda.	við deildar- starfs- menn og sér- kennslu- stjóra hvaða börn fá Gefðu 10 tíma hverju sinni. Útbúin skráninga blöð.	stjórar.			á deildar- fundum.	starfi deildanna
--	--	---	----------	--	--	--------------------	------------------

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanns og til að kaupa námsefni.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markviss málrækt í öllum daglegum venjum þar sem orð eru sett á athafnir og skýringar settar fram. Við erum með fámenna hópa í málrækt. Unnið með Gefðu 10. Við styðjumst við málræktarmarkmið Hólaborgar og leggjum áherslu á þátttöku allra og að allir hafi rödd í hópnum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við leggjum áherslu á að vinna með áhugasvið barnanna og vinnum með orðaforða út frá því. Við hvetjum til fjölbreyttrar orðanotkunar í leiknum og kennarar fara inn í leik barnanna til að auðga orðaforðann. Við notum samverustundir og lestrarstundir til að dýpa orðaforða barnanna. Vinnum með Lubba og tengjum málhljóð við myndir og leggjum þannig inn ný orð. Einnig er unnið með málrækt í hópastarfi.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum skráningar og skimanir. Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börnin og ef þörf er á eru notuð önnur skráningarform t.d. AEPS listi, Orðaskil og Einn leikskóli, mörg tungumál. Börnin eiga einnig ferilmöppu þar sem hægt er að fylgjast með þroskaferli þeirra.

Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við leggjum áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er með alla þætti máls, bæði í frjálsum leik, í hópastarfi, flæði, samverustundum og öllu daglegu starfi. Við notum ýmis kennslugögn til aðstoðar. Ritmál er haft sýnilegt, notast við myndrænt skipulag, unnið með Lubba og ýmis verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Við byggjum á áhuga og styrkleikum hvers barns fyrir sig og byggt er ofan á það sem þau kunna nú þegar.
--	--

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjölmenni ngar- teymi	Skipu- leggja starf með fjöltynngu m börnum betur.	Myndað verði teymi starfs- manna sem skipu- leggur starf með fjöltynngu m börnum. Teymið finni leiðir til að leggja enn frekar inn orða- forða hjá börn- unum.	Sér- kennslu- stjóri og meðlimir fjölmenni ngar teymis.	Sept. 2021	Maí 2022	Rýni hópar.	Að til sé teymi sem heldur utan um starf með fjöltynngu m börnum. Til verði gagna- banki með hug- myndum að leiðum til að efla ís- lenskuna og móður- mál barnanna



6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl leikskólastjóra við alla starfsmenn verða í október og snerpusamtöl deildarstjóra við starfsfólk deilda verða síðan reglulega yfir árið.

Fræðsla og símenntun mun tengjast innleiðingu menntastefnunnar og hún verður skipulögð í samræmi við verkþátt fyrsta árs þróunarverkefnisins *Flæði og samþætting*. Fengin verður fræðsla einu sinni í mánuði um eftirfarandi þætti:

Ágúst	Hlutverk kennara
September	Hugmyndir barna
Október	Barnahópurinn og jafningjamenning
Nóvember	Skipulag, tími og flæði
Janúar	Námsumhverfi og leikefni
Febrúar	Skráningar á leik barna
Mars	Ígrundun og umræður um skráningar
Apríl	Skóli fyrir alla, allir með
Mái	Endurmat og samantekt á vetrinum

Einnig verður fengin fræðsla um útinám með áherslu á virkni og þátttöku bæði barna og kennara.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna sem eru í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum. Elstu börnin fara í heimsóknir í kennslustundir, frímínútur og í íþróttahúsið. Leikskólinn fær svo einnig heimsóknir grunnskólabarna í gamla leikskólann sinn. Hólaborg er einnig í samstarfi við ÍR og fara elstu börnin í íþróttasalinn við Austurberg einu sinni í viku. Að vori er skilafundur þar sem deildarstjóri elstu barna fer og hittir kennara fyrsta bekkjar og þar eru ræddar þafir og

staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum.

Við munum halda áfram samstarfi við blómaleikskólana Engjaborg, Funaborg og Sunnufold við innleiðingu á menntastefnu. Hólaborg er einnig í góðu samstarfi við Suðurborg og Hraunborg um ýmsa þætti leikskólastarfsins eins og að hafa sameiginlega starfsdaga, sameinast á fyrirlestra og fræðslu, taka saman rútur á viðburði og nú er áætlað að fara saman í námsferð út fyrir landsteinana.

8 Foreldrasamvinna

Samskipti í fjölbreyttu umhverfi Hólaborgar

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf þar sem lögð er áhersla á samskiptastefnu Hólaborgar og að leitað sé leiða til að eiga innihaldsrík og opin samskipti við allar fjölskyldur. Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Það er mikilvægt að leita óhefðbundinna lausna í samskiptum við fjölskyldur sem ekki eiga sameiginlegt tungumál með okkur og stuðla þannig að auknum samskiptum og auknum skilningi á mögulegum menningarmun.

Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um barnið sitt og leikskólastarfið svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Fjölskyldan hefur mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku. Upplýsingar eru veittar á heimasíðu leikskólans, í tölvupósti, með símtölum, tulkapjónustu, notkun samskiptabóka og á facebook síðu foreldrafélagsins, á fræðslufundum og ekki síst með skráningum og myndum úr starfinu. Einnig fara upplýsingar og auglýsingar á hurðir á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahóp Hólaborgar eru tvítyngdir starfsmenn sem deila sama tungumáli með nokkrum börnum í leikskólanum. Það hefur eftt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra. Má þá helst nefna pólsku.

Markmið Hólaborgar með fjölskyldusamstarfi :

- að allir upplifi sig velkomna í Hólaborg
- að kynnast fjölskyldum hvers barns og að allir fái sömu upplýsingar
- að fjölskyldan taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár barnsins
- að fjölskyldum finnist þær geta leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi
- að fjölskyldan sé hvött til dádá
- að fjölskyldan hafi áhrif á leikskólastarfið

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun, þá eru foreldrar með barninu sínu í þrjá daga og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýnir því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins og þörfum. Ef fleira en eitt barn er í aðlögun í einu kynnast foreldrar hverjum öðrum og öðlast sameiginlega reynslu. Á fjórða degi kveður foreldri barnið sitt og næstu dagar eru mögulega í styttra lagi, allt eftir líðan barnsins. Áður en aðlögun hefst er foreldrum og barni boðið í fyrstu kynni. Þar fá þau tækifæri til að hitta þá sem koma til með að vera með barninu og starfsfólk getur fengið fyrstu upplýsingar um barnið t.d. áhugasvið þess.

Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári og við lítum svo á að það sé skyldumæting í annað þeirra. Haust-foreldrasamtöl eru á öllum deildum í okt. og nóv. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsáætlun og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir TRAS, Efi-2 og Hljóm-2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Vor-foreldrasamtöl eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Þá er lögð áhersla á að foreldrar allra barna komi. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Vor-foreldrasamtöl fyrir elsta árganginn er í apríl. Farið er yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla.

Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg. Þeir foreldrar sem velja að vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið sveitaferð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaball, leiksýning og hoppukastalar. Lögð er áhersla á að nota þá peninga sem safnast í uppákomur fyrir þau börn sem eru í leikskólanum en ekki safna þeim í sjóð. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum. Einnig hefur leikskólinn notað síðuna til að setja inn skoðanakannanir og spurt foreldra álits, sem dæmi á afmælisreglum, heimasíðu og litadögum.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn á 6 skipulagsdaga á ári. Leikskólar og grunnskólar Efra-Breiðholts eru með 3 sameiginlega starfsdaga á ári.

Skólaárið 2021-2022 verða starfsdagar dagana 24. september, 26. nóvember, 7. febrúar 4. mars og tveir dagar öðru hvoru megin við hvítasunnuhelgina en þá er á áætlun að starfsfólkið fari í námsferð.



F. h. Hólaborgar

Sigrún Grétarsdóttir

01.07.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 2 - Matsáætlun 2021 - 2022

Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

10.1 Fylgiskjal 1 - Leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022

Nafn leikskólaHólaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. L	1. Þ	1. Þ	1. F	1. S	1. M
2. M	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F
3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. Þ	3. F
4. M	4. L	4. M	4. F	4. L	4. Þ	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L
5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. Þ	5. F	5. S
6. F	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. S	6. S	6. M	6. F	6. M
7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. Þ	7. F	7. M	7. M	7. F	7. L	7. Þ
8. S	8. M	8. F	8. M	8. M	8. L	8. Þ	8. Þ	8. F	8. S	8. M
9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F
10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. S	10. Þ	10. F
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L
12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. Þ	12. F	12. S
13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. F	13. M
14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. M	14. M	14. F	14. L	14. Þ
15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. L	15. Þ	15. Þ	15. F	15. S	15. M
16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. M	16. F
17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. F	17. M	17. F	17. F	17. S	17. Þ	17. F
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F	18. F	18. M	18. M	18. L
19. F	19. S	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. L	19. L	19. Þ	19. F	19. S
20. F	20. M	20. M	20. L	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. F	20. M
21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. M	21. M	21. F	21. L	21. Þ
22. S	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. Þ	22. Þ	22. F	22. S	22. M
23. M	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. F
24. Þ	24. F	24. S	24. M	24. F	24. M	24. F	24. F	24. S	24. Þ	24. F
25. M	25. L	25. M	25. F	25. L	25. Þ	25. F	25. F	25. M	25. M	25. L
26. F	26. S	26. Þ	26. M	26. S	26. M	26. L	26. L	26. Þ	26. F	26. S
27. F	27. M	27. M	27. L	27. M	27. F	27. S	27. S	27. M	27. F	27. M
28. L	28. Þ	28. F	28. S	28. Þ	28. F	28. M	28. M	28. F	28. L	28. Þ
29. S	29. M	29. F	29. M	29. M	29. L	29. Þ	29. Þ	29. F	29. S	29. M
30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F
31. Þ		31. S		31. F	31. M		31. F		31. Þ	

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfshóla eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lákka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í s umarið. Leikskólastjóri ákveður, að hólum samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir dagar eða lokaðir á sumarið eða öðru leyti. Stefna skóla- og frístundavíðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10.1 Fylgiskjal 2 - Matsáætlun

Hvað á að meta? 2021 - 2022	Hvenær og hvernig ?	Hverjir taka þátt í matinu?	Viðmið um árangur og hvar verður honum miðlað ?
Þróunarverkefnið <i>Flæði og samþætting.</i> Hlutverk kennara í leik barna.	Í maí 2022. Með lýðræðislegri umræðu og spurningalistum um afmarkaða þætti verkefnisins.	Starfsfólk, foreldrar og börn.	Til verði dæmi um hlutverk kennara og annarra starfsmanna í leik barna og hvernig stutt er við hugmyndir þeirra, námsumhverfi og leik. Miðlað á starfsmannafundum í leikskólanum, á sameiginlegum leikskólastjórafundum hjá borginni, í skrifaðri grein í ritrýndu tímariti og verkefnið kynnt á morgunverðarfundum RannUng.
Innleiðing menntastefnu A hluta þróunarverkefnið <i>Útifjör /útinám</i> Virgni starfsfólks og þátttaka. Virgni barna og þátttaka.	Spurningalisti í júní 2021 og síðan með lýðræðislegri umræðu og spurningalistum í maí 2022.	Starfsfólk og börn.	Verklag útifjörs festist í sessi einu sinni í viku. Þar verður boðið upp á stöðvar í útiveru þar sem börnum er boðið upp á námstækifæri og nýjar upplifanir í náttúrulegu umhverfi. Á starfsmannafundum og deildarfundum.
Skráningar	Janúar 2022.	Allt starfsfólk.	Starfsmenn meti getu sína og skilning á tilgangi skráninga.

10.3 Fylgiskjal 3 – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022

Hólaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX

XXXXX XXXXXXXX

XXXXX XXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.

Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.

Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.

Innra mat- fjölbeyging barna og umbótaáætlun.

Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.

Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.

Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Umsögn foreldraráðs:

Í byrjun vetrar skall á þriðja bylgja covid-19. Vegna Covid 19 eru settar á takmarkanir í leikskólum, m.a. grímuskylda, foreldrar mega ekki koma inn í leikskólann, hólfaskiptingar í leikskólum þannig að deildir mega ekki fara sín á milli, ekkert flæði og þess háttar. Þetta bitnar að sjálfsögðu á öllum sem við kemur, þ.e. foreldrum, starfsmönnum og börnum. Það er mat foreldraráðs að á meðan á þessu stóð og stendur enn, ríkir ró yfir Hólaborginni og starfsmenn og stjórnendur leikskólans tækla þetta erfiða verkefni af fagmennsku. Það er ljóst að í allri þessari ringulreið sem ríkir á þessum tímum að Hólaborgin seti það í forgang að börnin okkar finni sem minnst fyrir þessu og haldi áfram leikskólagöngu sinni í leikskóla sem tekur alltaf á móti börnum og foreldrum með rólegu viðmóti, skilning og gleði.

Að mati foreldraráðs kemur allt fram í starfsáætlun Hólaborgar sem þar á að vera. Starfsáætlunin er skýr og uppsetningin góð þar sem umbótaáætlanir hvernar deildar kemur fram. Umbæturnar sem fram undan eru, eru hóflegar og ættu að vera auðvelt að framfylgja. Einnig eru umbótaáætlanirnar skýrar og auðlesnar.

Formið sem notast er við innra mat og ytra mat er ítarlegt og skilvirkt. Innra mat er gífurlega mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og því teljum við að þetta form muni tvímælalaust stuðla að bættu skólastarfi og hjálpa kennurum að gera þá vinnu, sem fram hefur farið, sýnilegri.

Áfram er áhersla á frjálsan leik og nú hefur bæst við Lubbi finnur málbein í málrækt barnanna. Ánægjulegt er að sjá innleiðingu þróunarverkefnis útináms/útifjors sem og þróunarverkefnið Flæði og samþætting. Útinám/útifjör er skemmtileg leið til að efla félagsþroska barna og er góð leið til að efla umhverfisvitund og tengjast náttúrunni. Einnig er mjög ánægjulegt að sjá þróunarverkefnið Flæði og samþætting þar sem markmiðið er að styrkja starfsfólk í að vinna að sjálfeflingu og félagsfærni með því að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim og þróa með þeim.

Sem fyrr er starfsánægja Hólaborgar augljós þar sem góður stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Það er miður að heyra að einhverjir starfsmenn hafa upplifað fordóma í starfi en ánægjulegt að heyra að strax verði brugðist við því. Ánægjulegt er að sjá að tveir deildarstjórar fengu leyfisbréf kennara og að fjórir starfsmenn verða í námi í leikskólakennarafræðum samhliða starfi sínu í Hólaborg.

Linda Björk Pétursdóttir

Linda Hrönn Hermannsdóttir